



Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 30.1.2023
Málsnr. 2212007

Unnarstígur 3, umsókn um stækkun lóðar.

Um er að ræða ósk um stækkun lóðarinnar að Unnarstíg 3, sem tengist áformum um flutning Hendrikshúss (Strandgötu 17) á lóðina. Minjastofnun Íslands hefur veitt því jákvæða umsögn að Hendrikshús (sem er friðað) verði flutt og komið fyrir á lóðinni. Fyrir er á lóðinni nýuppgerert um 150m² einbýlishús á einni hæð, byggt árið 1902 að því er talið er.

Með umsókn um stækkun lóðar fylgir tillaga/uppdráttur er gerir grein fyrir fyrirhugaðri staðsetningu Hendrikshúss (Unnarstígur 3a) þar sem gert er ráð fyrir stækkun lóðarinnar um 185,3m², sem fengin yrði úr lóðinni Vesturgata 32, sem minnki sem því nemur. Gert er ráð fyrir kjallara undir húsinu, sem er talsvert stærri grunnfleti þess og standi ofan á hraunkletti aftan við Vesturgötu 32. Steyptur kjallarin er að stórum hluta innan lóðar Vesturgötu 32 og því óskað eftir fyrrgreindri lóðarstækkun.

Umsögn:

Lagt er til að leitast verði við að Hendrikshúsi verði fundinn staður innan núverandi lóðarmarka Unnarstígs 3 eða því sem næst. Einnig er lagt til að umfang steypst kjallara miðist við grunnflöt hússins. Tillagan eins og hún er sett fram gerir ráð fyrir að þrengt er verulega að Vesturgötu 32, tekið er neikvætt í að sú lóð verði skert með þeim hætti sem fram kemur.

f.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar